



# Ársskýrsla 2002

46. reikningsár



**TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN**



# TRYGGINGAMIDSTÖÐIN

STOFNSETT 7. DESEMBER 1956  
HÓF STARFSEMI 1. JANÚAR 1957

Stjórn:

Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, formaður  
Einar Sigurðsson, varaformaður  
Geir Zoëga, ritari  
Sigurbjörn Magnússon  
Hreinn Loftsson (sagði sig úr stjórn 04.12.2002)  
Jón Ásgeir Jóhannesson (sagði sig úr stjórn 10.12.2002)  
Guðrún S. Pétursdóttir (sagði sig úr stjórn 11.12.2002)

Forstjóri:

Gunnar Felixson

Endurskoðendur:

PricewaterhouseCoopers ehf.

Skoðunarmaður:

Kristinn V. Jóhannsson

Varaskoðunarmaður:

Auður Einarsdóttir

---

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla forstjóra um starfsemi félagsins á árinu 2002 .....	3
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra .....	7
Áritun endurskoðenda .....	8
Rekstrarreikningur ársins 2002 .....	9
Efnahagsreikningur 31. desember 2002 .....	10
Sjóðstreymi ársins 2002.....	12
Skýringar með ársreikningi 2002.....	13
Fimm ára yfirlit.....	24
Annual Report of the Board and the Managing Director.....	26
Profit and Loss Account for the year 2002.....	27
Balance Sheet as at December 31st 2002 .....	28
Cash Flow Statement for the Year 2002 .....	30
Summary of Insurance Classes .....	31
Five Year Highlights from the Annual Accounts .....	32

---

# Skýrsla forstjóra um starfsemi félagsins á árinu 2002

---

**Aðalfundur félagsins** var haldinn 19. mars 2002 og voru eftirtaldir kosnir í stjórn félagsins: Einar Sigurðsson, Geir Zoëga, Guðrún Pétursdóttir, Gunnlaugur Sævar Gunnlaugson, Hreinn Loftsson, Jón Ásgeir Jóhannesson og Sigurbjörn Magnússon. Stjórnin skipti þannig með sér verkum að Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson var kosinn formaður og Einar Sigurðsson varaformaður. Þrír stjórnarmenn, þau Guðrún Pétursdóttir, Hreinn Loftsson og Jón Ásgeir Jóhannesson, sögðu sig úr stjórninni í desember 2002. Engir varamenn eru samkvæmt samþykktum félagsins og var því stjórnin skipuð fjórum mönnum frá þeim tíma.

**Hlutfé félagsins** samkvæmt samþykktum þess er kr. 932.396.168 eftir útgáfu jöfnunarhlutfjár á árinu, að fjárhæð kr. 699.297.126. Hluthafar í árslok voru 518 en 538 í ársbyrjun. Í árslok áttu tveir hluthafar yfir 10% hlutfjár, Fram hf. 19,95% og Ovalla Trading Ltd. 11,31%.

**Ársreikningurinn**, sem er samstæðuársreikningur, hefur að geyma ársreikninga Tryggingamiðstöðvarinnar og dótturfélaganna, Líftryggingamiðstöðvarinnar og Tryggingar, sem eru að öllu leyti í eigu Tryggingamiðstöðvarinnar. Félagið seldi á fyrra hluta ársins öll hlutabréf í Sameinaða líftryggingarfélaginu hf. og ákvað stjórn félagsins í kjölfarið að stofna líftryggingafélag með starfsemi á sviði áhættulíftrygginga og sjúkdómtrygginga. Líftryggingamiðstöðin hf. var stofnuð 19. september 2002 með 250 mkr. hlutfé. Starfsemi félagsins á árinu fólst eingöngu í undirbúningi að reglulegri líftryggingastarfsemi sem hófst í janúar 2003. Starfsemi Tryggingar er óveruleg. Hún er eingöngu fólgin í eignaumsýslu og uppgjöri útistandandi tjóna í erlendum endurtryggingum. Ársreikningur félagsins er í megin atriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og fyrri ársuppgjör. Allur samanburður í skýrslu þessari byggist á samstæðunni nema annað sé tekið fram.

**Hagnaður samstæðunnar árið 2002** var 455 mkr. eftir skatta, en var 417 mkr. árið áður. Í samræmi við breytingar á lögum um ársreikninga eru reiknuð áhrif verðlagsbreytinga á rekstrar- og efnahagsreikning ekki lengur færð í reikningsskilin en hagnaður samstæðu árið 2001 hefði verið 112 mkr. lægri ef verðbólguleiðréttingum hefði ekki verið beitt við gerð þeirra reikningsskila.

**Hagnaður af fjármálarekstri** var 438 mkr. en var 333 mkr. árið 2001. Hagnaður af hlutdeildarfélagum var 6 mkr., en árið áður var tap af hlutdeildarfélagum 89 mkr. Vaxtatekjur og gengismunur lækkuðu verulega, voru 712 mkr. samanborið við 1.241 mkr. árið 2001. Lækkun þessi stafar aðallega af lægri verðbólgu á árinu 2002 samanborið við fyrra ár en einnig af sveiflu í gengi íslensku krónunnar. Gengistap félagsins á árinu 2002 var 64 mkr. en á árinu 2001 var gengishagnaður 155 mkr. Hagnaður af sölu fjárfestinga var 651 mkr. en engar fjárfestingar voru seldar árið áður. Fjárfestingartekjur yfirfærðar á váttryggingarekstur voru 830 mkr. samanborið við 857 mkr. árið áður. Undir liðnum önnur gjöld er gjaldfærsla á afskrift af viðskiptavild vegna kaupa á Tryggingu hf. að fjárhæð 111 mkr. og tapaðar kröfur og niðurfærsla að fjárhæð 119 mkr.

**Hagnaður af váttryggingarekstri á árinu 2002** var 258 mkr. en var 309 mkr. árið áður. Þrátt fyrir sæmilegan hagnað er ekki hægt að segja að váttryggingareksturinn hafi gengið vel á árinu. Hagnaðurinn myndast fyrst og fremst af háum fjárfestingartekjum vegna óvenju mikils hagnaðar af sölu fjárfestinga og vegna mikillar þátttöku endurtryggjenda í tjónum ársins. Árið 2002 er mesta tjónaár í sögu félagsins, tjón ársins voru 7,3 milljarðar kr. en iðgjöld ársins voru tæpir 6,3 milljarðar kr. Meðal einstakra tjóna er fyrst að nefna að fjölveiðiskipið Guðrún Gísladóttir GK-15 sökk undan Noregsströndum í júní síðastliðnum en það tjón nam 2,2 milljörðum króna. Þá varð altjón þegar Aron ÞH-105 sökk en það tjón nam 180 mkr. Þrjú önnur stórtjón lentu á félaginu í eigna- og farmtryggingum samtals að fjárhæð 233 mkr. Bókfærð tjón voru 6.917 mkr. samanborið við 4.912 mkr. árið áður og hækkuðu um 40,8%. Bókfærð iðgjöld voru 6.332 mkr. samanborið við 5.728 mkr. árið áður og hækkuðu um 10,5%.

# Ársskýrsla

**Eigin tjón ársins** voru 4.948 mkr. en voru 4.221 mkr. árið áður og hækkuðu um 17,2%. Bókfærð tjón í hlut endurtryggjenda voru 2.770 mkr. en bókfærð iðgjöld í hlut endurtryggjenda voru 941 mkr.

Eins og sést á yfirlitinu hér á eftir var tap af rekstri eignatrygginga 197 mkr. Brugðist hefur verið við því með hækkun iðgjalda og bættu áhættumati. Tap af rekstri sjó- og farmtrygginga var 47 mkr., en tap endurtryggjenda var hins vegar verulegt í þessari grein eða tæplega 1,9 milljarðar kr. Slæm afkoma endurtryggjenda ásamt versnandi stöðu á alþjóðlegum endurtryggingamörkuðum hefur leitt til stóraukins endurtryggingakostnaðar í sjó- og farmtryggingum. Góð afkoma var í ökutækjatrýggingum, hagnaður af lögboðnum ökutækjatrýggingum var 374 mkr. og hagnaður var 59 mkr. af öðrum ökutækjatrýggingum. Dregið hefur úr tíðni slysa í umferðinni, einkum yfir vetrartímann. Talið er að það megi að miklu leyti rekja til þess að vetur hafa verið snjóléttir síðast liðin tvö ár. Ákveðið var á síðasta ári að láta tryggingartaka félagsins njóta betri afkomu í ökutækjatrýggingum með því að auka afslátt til tjónlausra viðskiptavina félagsins í TM öryggi. Afkoma var viðunandi í ábyrgðartryggingum og slysa- og sjúkratryggingum.

## Samanburður á rekstrarafkomu einstakra greinaflokka váttrygginga síðastliðin fimm ár:

	2002	2001	2000	1999	1998
Eignatryggingar	( 197,4 )	( 167,5 )	( 46,6 )	58,1	72,6
Sjó-, flug- og farmtryggingar	( 46,7 )	93,8	253,5	287,9	262,0
Lögboðnar ökutækjatrýggingar	374,0	50,4	( 321,9 )	( 299,9 )	( 350,2 )
Aðrar ökutækjatrýggingar	58,7	126,9	6,4	( 50,7 )	( 26,3 )
Almennar ábyrgðartryggingar	49,9	97,3	150,0	97,8	37,7
Slysa- og sjúkratryggingar	17,8	41,5	42,8	101,5	56,6
Endurtryggingar	2,1	66,3	60,9	61,5	53,5
<b>Samtals</b>	<b>258,4</b>	<b>308,7</b>	<b>145,1</b>	<b>256,2</b>	<b>105,9</b>

## Iðgjöld ársins. Hér fer á eftir samanburður á iðgjöldum síðastliðinna fimm ára:

	2002	2001	2000	1999	1998
Eignatryggingar	972,1	827,7	689,8	711,0	625,3
Sjó-, flug- og farmtryggingar	982,9	868,8	868,3	900,8	929,9
Lögboðnar ökutækjatrýggingar	2.385,7	2.076,2	1.516,1	1.126,6	944,0
Aðrar ökutækjatrýggingar	775,2	700,7	583,6	503,0	402,7
Almennar ábyrgðartryggingar	279,6	440,8	294,3	256,0	225,7
Slysa- og sjúkratryggingar	830,8	536,9	481,2	426,5	379,1
Endurtryggingar	50,6	27,3	50,8	50,3	90,9
<b>Samtals</b>	<b>6.276,9</b>	<b>5.478,4</b>	<b>4.484,1</b>	<b>3.974,2</b>	<b>3.597,6</b>

Fjárhæðir eru í milljónum króna.

**Tjón ársins.** Hér fer á eftir samanburður á tjónum síðastliðinna fimm ára:

	2002	2001	2000	1999	1998
Eignatryggingar	778,7	873,9	1.824,6	476,9	413,8
Sjó-, flug- og farmtryggingar	2.888,2	641,5	772,2	516,6	456,7
Lögboðnar ökutækjatrýggingar	2.132,2	2.044,6	2.127,2	1.940,6	1.269,4
Aðrar ökutækjatrýggingar	602,5	452,8	509,3	471,7	341,4
Almennar ábyrgðartryggingar	278,3	354,7	162,5	205,2	221,0
Slysa- og sjúkratryggingar	577,8	366,5	404,9	168,1	279,1
Endurtryggingar	42,9	1,3	28,1	42,1	52,4
<b>Samtals</b>	<b>7.300,6</b>	<b>4.735,3</b>	<b>5.828,8</b>	<b>3.821,2</b>	<b>3.033,8</b>
<b>Tjónahlutfall:</b>					
<b>Tjón ársins / iðgjöld ársins</b>	<b>116,3%</b>	<b>86,4%</b>	<b>130,0%</b>	<b>96,2%</b>	<b>84,3%</b>

Fjárhæðir eru í milljónum króna.

**Matspróun tjóna.** Samkvæmt reglugerð um reikningsskil vátryggingafélaga ber að sundurliða tjón ársins í tjón sem urðu á árinu og matsbreytingar eldri tjóna í þeim greinaflokkum þar sem matsbreytingarnar eru meiri en 10% af tjónum ársins. Í skýringu 24c er þessi sundurliðun sýnd í öllum greinaflokkum. Matspróun tjónaskuldar var jákvæð um 495 mkr. sem er 5,5% af tjónaskuld fyrra árs. Í eigin hlut er matspróunin jákvæð um 440 mkr. sem er 5,8% af eigin tjónaskuld fyrra árs. Ef miðað er við eigin tjón ársins er matspróun eigin tjónaskuldar jákvæð um 8,9%.

**Skrifstofurekstur.** Rekstrarkostnaður vegna vátryggingarekstrar að frádregnum umboðslaunatekjum nam 954 milljónum króna á árinu en var 848 milljónir króna árið áður. Hlutfall hreins rekstrarkostnaðar af bókfærðum iðgjöldum var 15,1% á árinu en var 14,8% á árinu 2001.

**Starfsmannahald.** Árið 2002 voru starfsmenn að meðaltali 106 en þeir voru 103 árið áður. Nú starfa 85 á aðalskrifstofu, 6 í tjónaskoðunarstöðinni, 1 á Akranesi, 4 á Akureyri, 3 í Reykjanesbæ, 3 í Vestmannaeyjum og 4 í mótuneyti og ræstingu.

Eftirtaldir starfsmenn, sem starfað hafa hjá félaginu um langan tíma, hættu störfum í lok ársins og fóru á eftirlaun. Hafsteinn Sölvason hóf störf hjá Tryggingu 1. október 1973 og starfaði við skoðun bílatjóna frá þeim tíma til starfsloka. Páll Jónsson hóf störf hjá Tryggingu 1. apríl 1973. Páll vann við skipatryggingar allan sinn starfstíma svo og við flugvélatryggingar síðustu árin. Hafsteini og Páli eru þökkuð vel unnin störf fyrir félagið.

**Hlutabréfaeign í öðrum félögum.** Samstæðan á hlutabréf í 64 félögum. Keypt voru hlutabréf fyrir 1.963 milljónir króna og seld hlutabréf fyrir 1.165 milljónir króna. Markaðsverð hlutabréfa skráð á hlutabréfamörkuðum, miðað við sölugengi 31.12.2002, var 6.569 milljónir króna eða 1.094 milljónir króna umfram bókfært verð bréfanna og hafði umframverðið hækkað um 675 milljónir króna frá árinu áður.

---

**Vátryggingaskuld félagsins.** Heildarvátryggingaskuld félagsins nam 11.739 milljónum króna í árslok 2002, en hluti endurtryggjenda er 904 milljónir króna. Eigin vátryggingaskuld er því 10.835,0 milljónir króna. Eigin vátryggingaskuld hefur hækkað um 862 milljónir króna frá árinu áður eða 8,6%. Eigin vátryggingaskuld er nú í hlutfallinu 2,03 á móti eigin iðgjöldum en þetta hlutfall var 2,21 árið áður.

**Rekstrarhorfur.** Mjög erfitt er að áætla rekstrarhorfur til skamms tíma hjá vátryggingafélagi þar sem tjónin, langstærsti gjaldaliður félagsins, eru háð miklum sveiflum.

Ýmsar ráðstafanir hafa verið gerðar til að bæta árangur af vátryggingarekstrinum. Þess er vænst að rekstur eignatrygginga verði í jafnvægi og rekstur sjó- og farmtrygginga gangi betur. Hins vegar er ekki líklegt að afkoma ökutækjatrygginga verði jafn góð og á síðasta ári.

Fjármunatekjur félagsins byggjast á efnahagsumhverfinu og þeim möguleikum til ávöxtunar sem það gefur. Óvenju mikill söluhagnaður var af fjárfestingum á síðasta ári. Ekki er líklegt að fjárfestingartekjur verði jafn miklar á þessu ári.

Það er mat stjórnenda félagsins að hagnaður ársins 2003 gæti orðið svipaður og á síðasta ári.

Ég vil þakka öllu starfsfólki félagsins, sem og umboðsmönnum um allt land, afar góð störf fyrir félagið. Árvekni þess og dugnaður er drifkraftur félagsins til framtíðar. Þá vil ég þakka öllum viðskiptavinum félagsins fyrir það traust sem þeir sýna félaginu með því að fela því vátryggingavernd hagsmuna sinna og eigna.

Reykjavík, 12. febrúar 2003.

Gunnar Felixson

forstjóri

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

---

Ársreikningur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. hefur að geyma samstæðuársreikning félagsins og ársreikninga móðurfélagsins. Samstæðuársreikningurinn innifelur ársreikninga Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og dótturfélaganna, Tryggingar hf. og Líftryggingamiðstöðvarinnar hf., sem eru að öllu leyti í eigu Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Stjórnin leggur til að greiddur verði 20% arður til hluthafa en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum félagsins.

Í lok ársins voru hluthafar félagsins 518 að tölu og hafði fækkað um 20 frá fyrra ári. Í lok ársins áttu tveir hluthafar meira en 10% hlutafjár:

Fram hf. ....	19,95%
Ovalla Trading Ltd. ....	11,31%

Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2002 með áritun sinni.

Reykjavík, 12. febrúar, 2003.

Stjórn:

Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, formaður.

Einar Sigurðsson

Sigurbjörn Magnússon

Geir Zoëga

Forstjóri:

Gunnar Felixson



# Áritun endurskoðenda

---

## Til stjórnar og hluthafa Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning þennan fyrir Tryggingamiðstöðina hf. fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin tekur mið af mati okkar á mikilvægi og áhættu einstakra þátta og felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2002, efnahag þess 31. desember 2002 og breytingu á handbæru fé á árinu 2002, í samræmi við lög og samþykktir félagsins og góða reikningskilavenju.

Reykjavík, 12. febrúar 2003.

## PricewaterhouseCoopers ehf.

Þórir Ólafsson  
löggiltur endurskoðandi

Ólafur Þór Jóhannesson  
löggiltur endurskoðandi

Samstæðureikning þennan fyrir Tryggingamiðstöðina hf. árið 2002 hef ég, kjörinn skoðunarmaður, yfirfarið og legg til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 12. febrúar 2003.

Kristinn V. Jóhannsson  
kjörinn skoðunarmaður

# Rekstrarreikningur ársins 2002

Tekjur og gjöld af váttryggingarekstri:	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		2002	2001	2002	2001
<b>Iðgjöld:</b>					
Bókfærð iðgjöld		6.332.326	5.727.671	6.332.326	5.727.671
Hlutur endurtryggjenda		(941.056)	(887.248)	(941.056)	(887.248)
Breyting á iðgjaldaskuld		(55.410)	(249.292)	(55.410)	(249.292)
Breyting á hlut endurtryggjenda		(5.604)	(70.746)	(5.604)	(70.746)
<b>Eigin iðgjöld</b>	<b>24</b>	<b>5.330.256</b>	<b>4.520.385</b>	<b>5.330.256</b>	<b>4.520.385</b>
<b>Fjárfestingartekjur af váttryggingarekstri</b>	<b>25</b>	<b>829.519</b>	<b>857.336</b>	<b>829.519</b>	<b>853.371</b>
<b>Tjón:</b>					
Bókfærð tjón		(6.916.803)	(4.911.813)	(6.916.803)	(4.900.997)
Hlutur endurtryggjenda		2.769.507	1.699.902	2.769.507	1.699.902
Breyting á tjónaskuld		(383.830)	176.502	(376.330)	176.502
Breyting á hlut endurtryggjenda		(416.398)	(1.185.964)	(416.398)	(1.185.964)
<b>Eigin tjón</b>	<b>24</b>	<b>(4.947.523)</b>	<b>(4.221.373)</b>	<b>(4.940.023)</b>	<b>(4.210.557)</b>
<b>Rekstrarkostnaður:</b>					
Sölukostnaður		(372.104)	(368.418)	(372.104)	(368.418)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(616.063)	(565.125)	(616.063)	(565.125)
Umboðslaun og ágóðahluti frá endurtryggjendum		34.347	85.930	34.347	85.930
<b>Hreinn rekstrarkostnaður</b>		<b>(953.820)</b>	<b>(847.613)</b>	<b>(953.820)</b>	<b>(847.613)</b>
<b>Breyting á útfjöfnunarskuld</b>	<b>24</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Hagnaður af váttryggingarekstri</b>		<b>258.431</b>	<b>308.735</b>	<b>265.931</b>	<b>315.586</b>
<b>Tekjur og gjöld af fjármálarekstri:</b>					
<b>Fjárfestingartekjur:</b>					
Tekjur (gjöld) frá dótturfélögum				(5.858)	
Tekjur (gjöld) frá hlutdeildarfélögum		6.214	(88.580)	6.214	(94.292)
Tekjur af öðrum eignarhlutum		108.972	37.171	106.694	33.630
Tekjur (gjöld) af húseignum og lóðum	26	(14.751)	(11.941)	(13.628)	(11.663)
Vaxtatekjur og gengismunur	27	712.463	1.241.342	710.958	1.247.719
Hagnaður af sölu fjárfestinga		651.007	0	651.007	0
<b>Fjárfestingartekjur</b>		<b>1.463.905</b>	<b>1.177.992</b>	<b>1.455.387</b>	<b>1.175.394</b>
<b>Fjárfestingargjöld:</b>					
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(79.805)	(72.257)	(77.001)	(70.641)
Vaxtagjöld		(45.921)	(27.435)	(45.921)	(27.435)
Gjöld vegna matsbreytinga á fjárfestingum		(70.760)	0	(70.760)	0
<b>Fjárfestingargjöld</b>		<b>(196.486)</b>	<b>(99.692)</b>	<b>(193.682)</b>	<b>(98.076)</b>
<b>Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga</b>		<b>0</b>	<b>112.204</b>	<b>0</b>	<b>110.934</b>
<b>Fjárfestingartekjur yfirfærðar á váttryggingarekstur</b>	<b>25</b>	<b>(829.519)</b>	<b>(857.336)</b>	<b>(829.519)</b>	<b>(853.371)</b>
<b>Hagnaður af fjármálarekstri</b>		<b>437.900</b>	<b>333.168</b>	<b>432.186</b>	<b>334.881</b>
<b>Aðrar tekjur (gjöld) af reglulegri starfsemi</b>					
Aðrar tekjur		29.522	0	29.522	0
Önnur gjöld	30	(230.370)	(177.390)	(230.370)	(177.390)
		<b>(200.848)</b>	<b>(177.390)</b>	<b>(200.848)</b>	<b>(177.390)</b>
<b>Hagnaður fyrir tekju- og eignarskatt</b>		<b>495.483</b>	<b>464.513</b>	<b>497.269</b>	<b>473.077</b>
<b>Tekju- og eignarskattur</b>	<b>31</b>	<b>(40.741)</b>	<b>(47.146)</b>	<b>(42.527)</b>	<b>(55.710)</b>
<b>Hagnaður ársins</b>		<b>454.742</b>	<b>417.367</b>	<b>454.742</b>	<b>417.367</b>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2002

Eignir:	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		2002	2001	2002	2001
<b>Óefnislegar eignir:</b>					
Viðskiptavild .....	2,30	<b>666.798</b>	<b>732.055</b>	<b>666.798</b>	<b>732.055</b>
<b>Fjárfestingar:</b>					
Húseignir og lóðir .....	7	460.458	468.248	425.416	432.054
Samstæðu- og hlutdeildarfélög:					
Hlutir í samstæðufélögum .....	2			503.485	335.758
Hlutir í hlutdeildarfélögum .....	8,14	685.720	779.289	685.720	702.294
Lán til hlutdeildarfélaga .....		100.748	98.115	100.748	98.115
		<u>786.469</u>	<u>877.404</u>	<u>1.289.954</u>	<u>1.136.168</u>
Aðrar fjárfestingar:					
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	8-10	6.200.974	4.838.847	6.091.646	4.676.825
Verðbréf með föstum tekjum .....	11	921.196	916.696	921.196	916.696
Veðlán .....	12	2.870.801	3.475.751	2.870.801	3.475.751
Önnur útlán .....	13	759.826	844.964	738.899	824.847
		<u>10.752.797</u>	<u>10.076.259</u>	<u>10.622.542</u>	<u>9.894.120</u>
Geymslufé vegna endurtrygginga .....		25.916	30.773	25.916	30.773
<b>Fjárfestingar</b>		<b>12.025.640</b>	<b>11.452.685</b>	<b>12.363.829</b>	<b>11.493.115</b>
<b>Hlutur endurtryggjenda í váttryggingaskuld:</b>					
Iðgjaldaskuld .....		14.765	20.369	14.765	20.369
Tjónaskuld .....		889.503	1.305.901	889.503	1.305.901
<b>Hlutur endurtryggjenda í váttryggingaskuld</b>		<b>904.268</b>	<b>1.326.270</b>	<b>904.268</b>	<b>1.326.270</b>
<b>Kröfur:</b>					
Kröfur á váttryggingataka .....		1.372.276	1.458.999	1.372.276	1.458.999
Aðrar kröfur vegna frumtryggingastarfsemi ..		1.196	10.909	1.196	10.909
Kröfur vegna endurtryggingastarfsemi .....		120.330	234.900	119.432	233.705
Aðrar kröfur .....		174	10.697	0	1.125
<b>Kröfur</b>		<b>1.493.975</b>	<b>1.715.505</b>	<b>1.492.904</b>	<b>1.704.739</b>
<b>Aðrar eignir:</b>					
Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir	15	154.122	113.509	151.185	109.384
Sjóður og bankainnstæður .....		1.826.461	1.364.966	1.533.735	1.318.031
<b>Aðrar eignir</b>		<b>1.980.583</b>	<b>1.478.475</b>	<b>1.684.920</b>	<b>1.427.416</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>17.071.264</b>	<b>16.704.989</b>	<b>17.112.717</b>	<b>16.683.594</b>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Eigið fé og skuldir:	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		2002	2001	2002	2001
<b>Eigið fé:</b>					
Hlutfé		932.396	233.099	932.396	233.099
Yfirverðsreikningur hlutfjár		867.803	1.567.100	867.803	1.567.100
Lögbundinn varasjóður		58.300	58.300	58.300	58.300
Endurmatsreikningur			672.020		672.020
Óráðstafað eigið fé		2.915.305	1.971.320	2.915.305	1.971.320
<b>Eigið fé</b>	16-17	<b>4.773.804</b>	<b>4.501.839</b>	<b>4.773.804</b>	<b>4.501.839</b>
<b>Vátryggingaskuld:</b>					
Iðgjaldaskuld		1.500.453	1.445.043	1.500.453	1.445.043
Tjónaskuld		9.330.784	8.946.954	9.278.284	8.901.954
Útjöfnunarskuld		908.000	908.000	908.000	908.000
<b>Vátryggingaskuld</b>		<b>11.739.237</b>	<b>11.299.997</b>	<b>11.686.737</b>	<b>11.254.997</b>
<b>Aðrar skuldbindingar:</b>					
Tekjuskattsskuldbinding	19	132.077	91.508	123.642	81.114
<b>Aðrar skuldbindingar</b>		<b>132.077</b>	<b>91.508</b>	<b>123.642</b>	<b>81.114</b>
<b>Geymslufé frá endurtryggjendum</b>		<b>0</b>	<b>59</b>	<b>0</b>	<b>59</b>
<b>Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir:</b>					
Skuldir við dótturfélög	20	0	0	120.093	52.578
Skuldir vegna frumtryggingastarfsemi		86.834	60.874	86.834	60.874
Skuldir vegna endurtryggingastarfsemi		67.539	97.441	52.655	78.861
Skuldabréfalán	21	42.175	43.077	42.175	43.077
Aðrar skuldir	22	163.743	544.492	160.923	544.492
<b>Viðskiptaskuldir</b>		<b>360.291</b>	<b>745.884</b>	<b>462.680</b>	<b>779.882</b>
<b>Áfallinn kostnaður og tekjur innheimtar fyrirfram</b>	23	<b>65.855</b>	<b>65.702</b>	<b>65.855</b>	<b>65.702</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>17.071.264</b>	<b>16.704.989</b>	<b>17.112.717</b>	<b>16.683.594</b>

# Sjóðstreymi ársins 2002

	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		2002	2001	2002	2001
<b>Handbært fé frá rekstri:</b>					
Hagnaður ársins		454.742	417.367	454.742	417.367
<b>Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:</b>					
Afskriftir rekstrarfjármuna og húseigna	7,15	71.516	55.690	69.176	53.350
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga	3	0	(112.204)	0	(110.934)
Hækkun eigin váttryggingaskuldar		861.242	1.329.500	853.742	1.329.500
Verðbætur og gengismunur		(74.282)	(280.069)	(74.282)	(298.826)
Tap (hagnaður) hlutdeildarféлага		(6.214)	88.580	(356)	94.292
Tekjuskattsskuldbinding, (lækkun) hækkun		40.569	(48.985)	42.527	(39.501)
Afskrifuð viðskiptavild v/yfirverðs	30	111.132	104.579	111.132	104.579
Hagnaður af sölu eigna og matsbreytingar		<u>(580.180)</u>	<u>0</u>	<u>(580.180)</u>	<u>0</u>
Veltufé frá rekstri		<u>878.524</u>	<u>1.554.458</u>	<u>876.501</u>	<u>1.549.827</u>
<b>Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:</b>					
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		219.928	(278.187)	216.692	(268.297)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		<u>(379.793)</u>	<u>416.656</u>	<u>(317.050)</u>	<u>322.210</u>
		<u>(159.864)</u>	<u>138.469</u>	<u>(100.358)</u>	<u>53.913</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b><u>718.660</u></b>	<b><u>1.692.927</u></b>	<b><u>776.143</u></b>	<b><u>1.603.740</u></b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>					
Söluverð rekstrarfjármuna		2.525	0	2.525	0
Kaupverð rekstrarfjármuna		(106.931)	(47.796)	(106.931)	(47.796)
Arður af dóttur- og hlutdeildarfélagum		36.169	44.604	66.708	103.690
Afborganir skuldabréfa		2.512.443	2.565.781	2.512.443	2.559.373
Keypt skuldabréf		(1.715.576)	(2.178.307)	(1.715.576)	(2.178.307)
Söluverð hlutabréfa í öðrum félögum		1.164.777	0	1.164.777	27.577
Kaupverð eignarhluta í öðrum félögum		<u>(1.962.550)</u>	<u>(1.724.745)</u>	<u>(2.296.365)</u>	<u>(1.724.745)</u>
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(69.144)</u>	<u>(1.340.463)</u>	<u>(372.418)</u>	<u>(1.260.208)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>					
Afborganir langtímalána	20	(1.542)	(1.526)	(1.542)	(1.526)
Greiddur arður		<u>(186.479)</u>	<u>(46.620)</u>	<u>(186.479)</u>	<u>(46.620)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(188.021)</u>	<u>(48.146)</u>	<u>(188.021)</u>	<u>(48.146)</u>
<b>Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar</b>		<b><u>(257.165)</u></b>	<b><u>(1.388.609)</u></b>	<b><u>(560.439)</u></b>	<b><u>(1.308.354)</u></b>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>		<b>461.496</b>	<b>304.318</b>	<b>215.704</b>	<b>295.386</b>
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b>		<b><u>1.364.965</u></b>	<b><u>1.060.648</u></b>	<b><u>1.318.031</u></b>	<b><u>1.022.645</u></b>
<b>Handbært fé í árslok</b>		<b><u>1.826.461</u></b>	<b><u>1.364.966</u></b>	<b><u>1.533.735</u></b>	<b><u>1.318.031</u></b>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 144/1994 um ársreikninga og reglugerð nr. 613/1996 um ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga. Ársreikningurinn er í meginatriðum gerðureftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður að öðru leyti en því sem fram kemur í skýringu 3.

Samstæðureikningurinn hefur að geyma ársreikninga Tryggingamiðstöðvarinnar hf., Tryggingar hf. og Líftryggingamiðstöðvarinnar hf., sem eru að öllu leyti í eigu Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Ársreikningur samstæðunnar er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum félaganna í samstæðunni en innbyrðis inneignum og skuldum milli samstæðufélaga eytt svo og innbyrðis viðskiptum.

2. Eignarhlutir í Tryggingu hf., Líftryggingamiðstöðinni hf., Heklu hf. og Íslenskri endurtryggingu hf. eru metnir samkvæmt hlutdeildaraðferð. Aðrir eignarhlutir í félögum eru metnir á kostnaðarverði að teknu tilliti til skýringar nr. 3.

Á liðinn viðskiptavild er fært yfirverð vegna kaupa móðurfélagsins á dótturfélaginu Tryggingu hf. sem ekki tengist einstökum eignum þess. Eftirstöðvar viðskiptavildarinnar gjaldfærast á næstu 6 árum.

Viðskiptavild greinist þannig:

Staða í ársbyrjun	732.055
Yfirfærsla eigna frá Tryggingu hf.	45.875
Gjaldfærð viðskiptavild á árinu	<u>(111.132)</u>
Staða í árslok	<u>666.798</u>

Eignarhlutur móðurfélags í dótturfélögum er eignfærður á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra í lok ársins auk yfirverðs einstakra eigna. Sá hluti yfirverðs sem tengist einstökum eignum dótturfélaganna er í samstæðureikningi færður til hækkunar á þeim.

	Líftrygginga- miðstöðin hf.	Trygging hf.	Samtals
Bókfært verð í ársbyrjun		335.758	335.758
Viðbót á árinu	250.000		250.000
Greiddur arður á árinu		(30.540)	(30.540)
Hagnaður (tap) ársins	783	(6.642)	(5.858)
Millifært yfirverð einstakra eigna		<u>(45.875)</u>	<u>(45.875)</u>
Bókfært verð í árslok	<u>250.783</u>	<u>252.702</u>	<u>503.485</u>

Eignarhlutir í dótturfélögum greinast á eftirfarandi hátt í árslok:

Hlutdeild í bókfærðu eigin fé Tryggingar hf.	225.577
Yfirverð einstakra eigna Tryggingar hf.	<u>27.124</u>
	252.702
Hlutdeild í bókfærðu eigin fé Líftryggingamiðstöðvarinnar hf.	<u>250.783</u>
	<u>503.485</u>

3. Í samræmi við breytingar á lögum um ársreikninga eru reiknuð áhrif verðlagsbreytinga á rekstrar- og efnahagsreikning ekki lengur færð í reikningsskilin. Endurmatsreikningur meðal eigin fjár færast til hækkunar á óráðstöfuðu eigin fé í ársbyrjun 2002. Í breytingunni felst að reiknuð áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir, svokölluð verðbreytingarfærsla, er ekki lengur færð í rekstrarreikning. Einnig er hætt að endurmeta viðskiptavild, húseignir, rekstrarfjármuni og eignarhluta í félögum. Afskriftir af húseignum og rekstrarfjármunum, sem til voru í árslok 2001, reiknast af framreiknuðu stofnverði eins og það stóð í lok þess árs.

Samanburðarfjárhæðum í rekstrarreikningi hefur ekki verið breytt en hagnaður samstæðunnar árið 2001 hefði orðið 112,2 mkr. lægri ef verðbólguleiðréttingum hefði ekki verið beitt við gerð þeirra reikningsskila.

# Skýringar

4. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti af kaupverði, þó með því fráviki að kaupverð húseigna og rekstrarfjármuna, sem keyptir voru árið 2001 og fyrr hefur verið framreiknað til verðlags í árslok 2001.

Afskriftarhlutföll eignaflokka eru eftirfarandi:

Húseignir	3%–6%
Skrifstofuáhöld, innrétingar og tölvur	20%–33%
Bifreiðar	10%

Afskriftir reiknast hlutfallslega miðað við eignarhaldstíma innan ársins.

5. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færð í rekstrarreikning. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2002, eignir á kaupgengi og skuldir á sölugengi, en tekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadagsins.
6. Í efnahagsreikningi eru skammtímakröfur og verðbréf færð niður um 213,3 mkr. hjá samstæðunni sem er sama fjárhæð og hjá móðurfélaginu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreykingur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Kröfur og eignir sem eru endanlega tapaðar, samtals að fjárhæð 119,2 mkr., voru færðar út úr bókum samstæðunnar.

## Fjárfestingar

7. Húseignir og eignarlóðir greinast þannig:

	Samstæða 2002
Stofnverð í ársbyrjun	669.937
Keypt á árinu	12.350
Stofnverð í árslok	682.287
Afskrifað alls í ársbyrjun	201.689
Fyrning ársins	20.140
Fyrning samtals	221.829
<b>Bókfært verð í árslok</b>	<b>460.458</b>

Fasteignamat, brunabótamat og bókfært verð húseigna og eignarlóða samstæðunnar greinast þannig í árslok 2002:

	Fasteigna- mat	Brunabóta- mat	Bókfært verð
Aðalstræti 6, Reykjavík (75,63%)	243.562	356.685	251.724
Aðalstræti 8, Reykjavík (64,77%)	59.142	79.934	87.455
Aðalstræti 8, bifreiðageymslur	21.849	27.356	11.897
Hamarshöfði 2, Reykjavík (100%)	27.301	33.381	11.304
Austurvegur 6, Selfossi	13.214	24.847	35.042
Strandgata 3, Akureyri	9.059	17.296	19.552
Strandvegur 63, Vestm. (100%)	8.729	21.055	17.899
Hafnargata 26, Keflavík	2.271	5.101	6.926
Hafnarbraut 6, Nesk. (20%)	2.346	8.870	3.522
Sumarhús	10.570	19.728	12.943
Fischersund 1 (lóð)	1.141		556
Mjóstræti 5 (lóð)	3.072		
Strandvegur 61, Vestm. (lóð)	288		1.638
	<b>402.544</b>	<b>594.253</b>	<b>460.458</b>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

## Eignarhlutir í öðrum félögum

8. Samstæðan á eignarhluti í eftirtöldum félögum og eru þeir færðir á framreiknuðu kaupverði, nema þegar um dóttur- og hlutdeildarfélög er að ræða.

	Eignarhlutur	Samstæða		Móðurfélag	
		Nafnverð	Bókfært verð	Nafnverð	Bókfært verð
Dótturfélög:					
Líftryggingamiðstöðin hf., Reykjavík . . . .	100,00%			250.000	250.783
Trygging hf., Reykjavík . . . . .	100,00%			203.600	252.702
				<u>453.600</u>	<u>503.485</u>
Eignarhlutir samstæðunnar í félögum:					
Hlutdeildarfélög, eignarhlutur 20%–50%:					
Hekla hf., Reykjavík . . . . .	33,33%	48.000	354.224	48.000	354.224
Íslensk endurtrygging hf., Reykjavík . . . .	38,31%	135.074	331.496	135.074	331.496
		<u>183.074</u>	<u>685.720</u>	<u>183.074</u>	<u>685.720</u>
Hlutabréf skráð á hlutabréfamarkaði:					
ACO-TækniVal hf., Reykjavík . . . . .	0,31%	1.080	16.313	1.080	16.313
Austurbakki hf., Reykjavík . . . . .	2,08%	300	13.626	300	13.626
Bakkavör-Group hf., Njarðvík . . . . .	0,91%	13.747	74.836	13.747	74.836
Baugur hf., Reykjavík . . . . .	0,31%	7.486	55.352	7.486	55.352
Búnaðarbanki Íslands hf., Reykjavík . . . .	0,07%	4.018	17.801	4.018	17.801
deCode genetics, USA (37.864 hlutir) . . . .			35.719		35.719
HF. Eimskipafélag Íslands . . . . .	3,38%	173.946	871.853	173.946	871.853
Fiskiðjusamlag Húsavíkur hf., Húsavík . .	2,28%	14.137	19.723	14.137	19.723
Fiskmarkaður Íslands hf., Snæfellsbæ . . .	2,88%	2.050	3.316	2.050	3.316
Flugleiðir hf., Reykjavík . . . . .	0,09%	2.065	6.820	2.065	6.820
Grandi hf., Reykjavík . . . . .	2,42%	35.760	180.326	35.760	180.326
Hraðfrystihús Eskifjarðar hf., Eskifirði . . .	6,74%	30.429	114.267	30.429	114.267
Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf., Hnífsdal . . .	3,38%	22.757	163.401	22.757	163.401
Íslandsbanki hf., Reykjavík . . . . .	4,55%	454.930	1.621.613	454.930	1.621.613
Landsbanki Íslands hf., Reykjavík	3,00%	205.371	718.799	205.371	718.799
Líftækniþjóðurinn MP Bio hf., Reykjavík . .	0,88%	12.500	15.335	12.500	15.335
Nýherji hf., Reykjavík . . . . .	1,00%	2.640	14.062	2.640	14.062
Olíuverslun Íslands hf., Reykjavík . . . . .	1,60%	10.731	78.601	10.731	78.601
Opin kerfi hf., Reykjavík . . . . .	0,72%	1.701	23.675	1.701	23.675
Samherji hf., Akureyri . . . . .	3,61%	59.955	638.589	59.955	638.589
Síldarvinnslan hf., Neskaupstað . . . . .	0,29%	3.400	22.711	3.400	22.711
Skeljungur hf., Reykjavík . . . . .	1,14%	8.575	19.887	8.575	19.887
SR-mjöl hf., Reykjavík . . . . .	0,81%	10.000	49.245	10.000	49.245
Stáltak hf., Reykjavík . . . . .	3,86%	6.550	6.550	6.550	6.550
Sölumiðst. hraðfrystihúsanna hf., Rvík . . .	0,58%	8.743	51.668	8.743	51.668
SÍF hf., Hafnarfirði . . . . .	1,83%	27.327	91.948	27.327	91.948
Tangi hf., Vopnafirði . . . . .	2,56%	22.609	37.321	22.609	37.321
Þorbjörn Fiskanes hf., Grindavík . . . . .	6,07%	67.554	383.273	67.554	383.273
Þormóður rammi-Sæberg hf., Siglufirði . .	1,97%	25.667	126.708	25.667	126.708
Þróunarfélag Íslands hf., Reykjavík . . . . .	0,14%	1.577	1.248	1.577	1.248
		<u>1.237.608</u>	<u>5.474.587</u>	<u>1.237.608</u>	<u>5.474.587</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



# Skýringar

	Eignar- hlutur	Samstæða		Móðurfélag	
		Nafnverð	Bókfært verð	Nafnverð	Bókfært verð
Hlutabréf ekki skráð á hlutabréfamarkaði:					
Byr ehf., Vestmannaeyjum . . . . .	2,97%	222	5.994	222	5.994
Eignarhaldsfélag Vestm.eyja hf., . . . . .	5,00%	12.500	12.634	12.500	12.634
EJS Scandinavia ehf., Reykjavík . . . . .	0,08%	310	8.367	310	8.367
Electric, eignarhaldsfélag ehf., Reykjavík . . . . .	18,33%	92	5.330	92	5.330
Festi hf., Grindavík . . . . .	6,02%	500	50.000	500	50.000
Fiskiðjan Skagfirðingur hf., Sauðárkróki . . . . .	0,53%	3.787	4.866	3.787	4.866
Fiskvinnslan Fjölur hf., Þingeyri . . . . .	5,00%	20.000	22.870	20.000	22.870
Gná hf., Bolungarvík . . . . .	5,66%	10.000	22.119	10.000	22.119
GoPro-Landsteinar Group Ísl hf. . . . .	0,27%	1.000	13.556	1.000	13.556
Hraðfrystihús Hellissands hf., Hellissandi . . . . .	4,36%	510	30.999	510	30.999
Ísfélag Vestmannaeyja hf., Vestm.eyjum . . . . .	1,08%	5.409	30.277	5.409	30.277
Karl K. Karlsson ehf., Reykjavík . . . . .	0,25%	13	5.629	13	5.629
Kassagerð Reykjavíkur ehf., Reykjavík . .	5,00%	17.500	33.250	17.500	33.250
Landssími Íslands hf., Reykjavík . . . . .	0,00%	300	1.751	300	1.751
Oddi hf., Vesturbyggð . . . . .	4,92%	5.000	6.050	5.000	6.050
Stuðlaháls ehf., Reykjavík . . . . .	1,85%	8.333	8.372	8.333	8.372
Tölvumyndir ehf., Reykjavík . . . . .	2,01%	6.038	55.154	3.019	27.577
Vélaver hf., Reykjavík . . . . .	37,13%	28.480	80.163	0	0
Vífilfell hf., Reykjavík . . . . .	2,00%	9.990	40.032	9.990	40.032
Vísir hf., Grindavík . . . . .	2,48%	453	59.170	453	59.170
Þórsberg ehf., Tálknafirði . . . . .	5,00%	1.075	5.750	1.075	5.750
Eignarhlutir í öðrum félögum . . . . .		7.562	21.433	6.301	19.846
		139.074	523.767	106.314	414.440
Hlutafélag, önnur en dóttur- og hlutdeildarfélag . . . . .		1.376.682	5.998.354	1.343.922	5.889.026
<b>Samtals eignarhlutir í öðrum félögum</b>		<b>1.559.756</b>	<b>6.684.074</b>	<b>1.980.596</b>	<b>7.078.232</b>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

9. Bókfært verð hlutabréfa, sem skráð eru á hlutabréfamarkaði nam 5.475 mkr. í árslok, en markaðsverð þeirra var á sama tíma 6.569 mkr.

Breyting á markaðsverði skráðra hlutabréfa greinist þannig á árinu:

Markaðsverð í ársbyrjun	4.482.800
Kaupverð hlutabréfa	1.849.819
Bókfært verð seldra hlutabréfa og aðrar breytingar	(438.634)
Hækkun markaðsverðs á árinu	675.255
Markaðsverð miðað við gengi í árslok 2002	6.569.241

10. Verðbréf með breytilegum tekjum sundurliðast þannig:

	Samstæða 2002	Samstæða 2001
1) Hlutabréf (önnur en dóttur- og hlutdeildarfélag)	5.998.354	4.590.356
2) Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum	193.363	239.416
3) Stofnfé	9.257	9.075
	<u>6.200.974</u>	<u>4.838.847</u>

11. Verðbréf með föstum tekjum sundurliðast þannig:

Verðbréf með ríkisábyrgð	887.175	879.160
Skuldabréf með bankaábyrgð	34.021	37.536
	<u>921.196</u>	<u>916.696</u>

12. Veðlán sundurliðast þannig:

Skuldabréf með veði í skipi	432.828	610.249
Skuldabréf með veði í fasteign	345.562	206.592
